

Mánudaginn 15. nóvember 1976.

Nr. 89/1975. **Sveinbjörn Árnason**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Kristjáni H. Jónssyni og

Klemens Jónssyni

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson
og Þór Vilhjálmsson.**

Landamerkjамál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 9. júlí 1975. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Þá krefst hann þess, að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að ómerkingarkröfu áfrýjanda verði hrundið og að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þeir krefjast og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Kröfugerð áfrýjanda var eigi glögg í héraði, og eigi var gerður uppdráttur af þrætusvæðinu, þar sem markaðar voru kröfur aðilja og kennileiti, sem talin eru skipta máli. Í héraðsdómi er þess getið, að dómsformaður hafi eftir dómtöku málsins aflað upplýsinga, sem niðurstaða dóms er m. a. byggð á, án þess að séð verði, að aðiljum hafi verið veittur kostur á að tjá sig um þær. Er það andstætt ákvæðum 14. gr. laga nr. 41/1919, sbr. lög nr. 69/1954, 1. gr., og 113. gr. laga nr. 85/1936. Þá er þess að geta, að í dómsorði eru landamerki miðuð við „hæsta stað Nýpuhnjúks“, en það kennileiti er eigi einhlítt, eftir því sem ráða má af málflutningi hér fyrir dómi. Mál þetta, sem var skriflega flutt, var dómtekið 19. nóvember

1974, en dómur var eigi uppkveðinn fyrr en 14. apríl 1975, eða tæpum fimm mánuðum síðar.

Vegna framangreindra galla verður að ómerkja hinn áfrýj-
aða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar
og dómsálagningar að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti
falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er mál-
inu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms-
álagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur merkjadóms Ólafsfjarðar 14. apríl 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 19. nóvember sl., er höfðað
af Sveinbirni Árnasyni, bónda að Kálfsá, eiganda jarðarinnar
Kálfsár, gegn eigendum jarðarinnar Lóns, þeim Kristjáni H. Jóns-
syni, Vesturgötu 10 hér í bæ, og Klemens Jónssyni, Ólafsvegi 7
hér í bæ. Eru dómkröfur stefnanda þær, að landamerki téðra
jarða verði með dómi ákveðin í stefnu úr túngarðsenda í landi
jarðarinnar Þóroddsstaða í beina stefnu á svonefndan Vörðuhól
(Topphól, Merkjahól) og þaðan beina stefnu til fjalls upp í merkis-
stein þann, er stendur suður, ofan frá Egilsdalsöxl, og úr honum
á fjall upp í Nýpuhnjúk.

Dómkröfur stefndu eru þær, að landamerki milli jarðanna verði
ákveðin bein lína í stefnu úr fyrrgreindum túngarðsenda í vörðu
á svonefndum Nýpuhnjúk.

Báðir aðiljar krefjast málskostnaðar.

Sátta hefur verið leitað, en án árangurs.

Mál þetta hefur verið flutt skriflega.

Tildrög máls þessa kveður stefnandi þau, að hann hafi leyft
Sigmundi Jónssyni málara, Ólafsfirði, að reisa sumarbústað í
landi jarðarinnar Kálfsár, en Kristján Jónsson, varnaraðili í máli
þessu, hafi andmælt þessari ráðstöfun og talið byggingu þessa í
landi Lóns. Ekki hafi náðst samkomulag og því sé mál þetta höfðað.

Dómendur máls þessa, aðiljar og umboðsmenn þeirra hafa þri-
vegis farið á vettvang til athugunar.

Dómkröfu sína byggir stefnandi fyrst og fremst á byggingarbréfi um jörðina Kálfsá, gerðu um miðbik síðustu aldar af Guðlaugi Jónssyni, bónda að Kálfsá, en þar segir um landamerki Kálfsár og Lóns: „ . . . að utan í læk þann sem liggur frá láglandi upp sunnan undir svokölluðum Vörðuhól í fjall upp í merkisstein þann sem stendur suður og ofan frá Egilsdalsöxlinni . . . “. Telur hann, að fyrrnefndur Guðlaugur hafi lýst þarna á óyggjandi hátt réttum merkjum jarðarinnar gagnvart Lóni. Þá telur hann, að þótt lýsing þessi fari ekki að öllu leyti saman við dómkröfur sínar, þá muni þar þó aðeins því, að í þeim sé tekið mið af hábungu Vörðuhóls, svo sem venja sé til, þar sem örnefni eru látin ráða merkjum.

Þá styður hann kröfu sína vætti allmargra manna, sem flestir hafa komið fyrir dóminn, svo og ýmsum öðrum gögnum, svo sem nú verður rakið:

Vitnið Sigurður Jóhannesson, Kirkjuvegi 15, Ólafsfirði, hefur gefið skriflegt vottorð um, að hann hafi aldrei heyrt önnur landamerki nefnd milli Lóns og Kálfsár en úr vallargarðsenda í Þór-oddsstaðalandi í tóftarbrott austan ár og þaðan í vörðu á svonefndum Vörðuhól og þaðan beina línu í stóran stein norðan í Nýpuhnjúk. Hann kveðst hafa flust að Lóni með foreldrum sínum árið 1906 og átt þar heima í fleiri ár. Er vitnið kom fyrir dóminn lét hann þess getið, að steinn þessi hefði verið vel sjáanlegur.

Magnús Sigurðsson, fyrr bóndi að Þverá í Ólafsfirði, hefur gefið skriflegt vottorð um, að Árni Björnsson, Árni Friðriksson og Guðmundur Sigurðsson, er eitt sinn bjó að Lóni, hafi sagt sér, að landamerki Lóns og Kálfsár væru úr vallargarðsenda að Þór-oddsstöðum í beinni línu um svonefndan Topphól í hnjúk í sunnanverðum Egilsdal. Hér mun vera átt við Árna Björnsson, sem í byrjun þessarar aldar bjó að Kálfsá, og Árna Friðriksson, föður stefnanda, er þar bjó síðar. Vottorð þetta varð ekki staðfest, þar eð vottorðsgefandinn lést á sl. sumri.

Vitnið Jón Guðmundsson, bóndi að Litlu-Hámundarstöðum á Árskógsströnd, kvaðst hafa átt heima að Lóni frá 4—14 ára aldurs. Hann kvað svæðið milli Kálfsár og Egilsár vera nefnt Partur og hafi búfé verið rekið þangað frá báðum bæjunum, Kálfsá og Lóni. Hafi sér verið sagt, að landamerki milli jarðanna lægju um miðjan Topphól, en um línu til fjalls hafi hann ekki heyrt.

Vitnið Sigmar Magnússon, Vetrarbraut 15, Siglufirði, kvaðst hafa dvalist að Kálfsá nokkur vor, er hann var um fermingaraldur, og einnig part úr vetri, á meðan bóndinn þar, Árni Frið-

riksson, lá á sjúkrahúsi. Hafi Árni sagt sér, að landamerkin lægju frá vallargarðsenda í Þóróddsstaðalandi um toppinn á Topphól og beint til fjalls. Þetta hafi verið, er Guðmundur Sigurðsson bjó á Lóni. Hann hafi aldrei orðið var við ágreining um merkin. Vitnið og stefnandi eru systrasynir.

Vitnið Jón Magnússon Árnason, sonur Árna Björnssonar, fyrr bónda að Kálfsá, kvaðst hafa átt heima að Kálfsá frá fæðingu, 1901, til tvítugs. Hann kvað Jón bróður sinn, sem um skeið var ráðsmaður að Kálfsá, hafa sagt sér, að landamerkin milli Lóns og Kálfsár væru frá vörðu, sem hlaðin var fremst á Topphól, og í stefnu á stein í Egilsdalsöxlinni. Í vesturátt lægju þau um tóftarbrott á austurbakka Fjarðarár í stefnu á vallargarðsenda á Þóróddsstöðum. Hann kvaðst ásamt bræðrum sínum hafa rifið vörðuna á Topphól, þegar hann var 11 eða 12 ára, og hafi þeir fengið ofanígjöf fyrir. Sé þetta sér því minnisstætt.

Vitnið Ármann Þórðarson, fyrr bóndi að Þóróddsstöðum, kvaðst hafa heyrt, að landamerki milli Lóns og Kálfsár lægju frá vallargarðsenda á Þóróddsstöðum um svonefndan Topphól, en hvar um hólinn eða hvert þau lægju þaðan, vissi vitnið ekki.

Vitnið Sigursveinn Árnason, bróðir vitnisins Jóns M. Árnasonar, kvaðst hafa heyrt, að landamerkin lægju frá vallargarði í Þóróddsstaðalandi um svonefndan Háahól eða Topphól öðru nafni, og kvað sig minna, að þaðan lægju þau í stefnu á stein ofarlega í fjallinu. Taldi vitnið sig geta þekkt þennan stein.

Vitnið Ingólfur Magnússon, sem um 30 ára skeið átti heima á Þóróddsstöðum, hefur gefið skriflegt vottorð um, að hann hafi aldrei heyrt önnur merki nefnd milli Kálfsár og Lóns en frá túnargarðsenda á Þóróddsstöðum og um tóftarbrott á árbakkanum Lónsmegin og þaðan um svokallaðan Vörðuhól, öðru nafni Topphól, og beint til fjalls.

Þá hefur stefnandi lagt fram eftirtalin skjöl auk greinargerðar og sóknarskjals:

Ljósrit af afriti af fyrrgreindu byggingarbréfi Guðlaugs Jónssonar.

Loftmynd af miðbiki Ólafsfjarðar, gerða af Landmælingum ríkisins.

Ljósrit af landabréfi, er sýnir hið umdeilda landsvæði.

Ljósmynd, tekna frá fyrrgreindum vallargarðsenda í stefnu á Nýpuhnjúk.

Ljósrit af örnefnalýsingu Kálfsár og Lóns.

Örnefnaskrá varðandi Kálfsá, gerða af Árna Björnssyni vegna bókgargerðar um Ólafsfjörð.

Ljósrit úr jarðabók Jóns Jakobssonar sýslumanns, ritaðri um 1780.

Ljósrit úr jarðamati 1918.

Stefnumælingu línu á landamerkjum Kálfsár og Lóns, gerða af Magnúsi Ágústssyni, FVFI.

Greinargerð stefnanda, Sveinbjörns Árnasonar.

Ljósrit af þinglesinni yfirlýsingu um landamerki Þóroddsstaða.

Stefndu byggja dómkröfu sína á landamerkjabréfi, gerðu 27. maí 1895, um landamerki jarðarinnar Lóns, en þar segir, að landamerki milli Lóns og Kálfsár séu „frá svonefndum Nýtuhnjúk (Nýpuhnjúk) beint niður í Fjarðará gagnvart túngarðsenda jarðarinnar Þóroddsstaða“. Bréf þetta er undirritað þannig:

„Pt. Vatnsenda 27. maí 1895 Jón Magnússon.

Jeg sem eigandi Jarðarinnar er samþykktur þessari landamerkjaskrá.

Sigurður Pjetursson (handsalað).

Þinglesið á manntalsþ. 5/6 — 95.

Kl. Jónsson“.

Telja stefndu, að þar sem ekki fyrirfinnst þinglesin lýsing á landamerkjum Kálfsár og ekki finnst þinglesin mótmæli af hálfu eiganda Kálfsár gegn fyrrnefndri lýsingu Lóns, þá verði landamerkjalýsing Lóns að teljast bindandi fyrir alla aðilja.

Enn fremur styðja stefndu kröfu sína með eftirgreindum vitnisburðum og skjölum:

Vitnið Helgi Jóhannesson, bróðir vitnisins Sigurður Jóhannessonar og tengdafaðir stefndu, Kristjáns og Klemensar, kveðst hafa átt heima að Lóni á árunum 1906—1915 og keypt hana laust fyrir 1920 af Kolbeini Árnasyni, sem þá var að flytjast til Ameríku. Hann kveðst hafa spurt sýslumann Eyjarfjarðarsýslu um landamerki jarðarinnar og hafi sýslumaður lesið fyrir sér, að landamerki milli Kálfsár og Lóns væru frá Vallargarði á Þóroddsstöðum og beint á Nýpuhnjúk, en það sé fellið milli Egilsskálar að norðan og Kálfsárskálar að sunnan. Hann kveðst hafa búið að Lóni frá 1921 til 1924 og á þeim tíma hafi aldrei orðið ágreiningur um þessi landamerki. Hann kvaðst þekkja Vörðuhól og taldi hann vera Lónsmegin við merkin. Lækurinn sunnan við Vörðuhól sé kallaður Merkislækur.

Vitnið Sumarrós Helgadóttir, dóttir framangreinds vitnis og eiginkona stefnda Klemensar, skýrði frá viðtali sínu við stefn-

anda og kvað hann hafa sagt, að landamerkin væru um miðjan svonefndan Merkja- eða Vörðuhól.

Vitnið Jón Kr. Björnsson, faðir stefnda Kristjáns, kvað Þórð Jónsson, fyrr bónda að Þóroddsstöðum, hafa sagt sér, að landamerkin milli Lóns og Kálfsár lægju frá vallargarðsenda á Þóroddsstöðum, sunnan í einhverjum hól á milli Lóns og Kálfsár og þaðan í núp uppi í fjalli.

Þá hafa verið lögð fram eftirtalin gögn af hálfu stefndu auk greinargerðar og varnarskjals:

Endurrit úr landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu varðandi Lón (ljósrit).

Ljósrit af afsali Jóns Kr. Björnssonar til Kristjáns Jónssonar fyrir jörðinni Lón.

Ljósrit úr bókinni „Lýsing Eyjafjarðar“ eftir Steinódr Steindórsson frá Hlöðum (bls. 180).

Útdráttur úr Sýslu- og sóknarlýsingum Hins ísl. bókmenntafélags 1839—1854. (Eyfirsk fræði II, bls. 51 og 58).

Útdráttur úr bókinni „Mannlíf við Múlann“ eftir Þorstein Matthíasson, bls. 200, 232 og 243.

Útdráttur úr bókinni „Árni frá Kálfsá“ eftir Þorstein Matthíasson. Brot úr niðjatali.

Útdráttur úr bókinni „Byggðir Eyjafjarðar“, bls. 22.

Ljósrit úr landamerkjabók Eyjafjarðarsýslu varðandi landamerki Lóns.

Stefnandi, Sveinbjörn Árnason, hefur lagt fram skriflega aðiljaskýrslu. Þar lýsir hann því yfir, að faðir sinn, Árni Friðriks-son, hafi sagt sér, að landamerkin væru úr fyrrgreindum vallargarðsenda um tóftarbot austan árinna, um toppinn á Vörðuhól og beint til fjalls og ætti þetta að vera bein lína. Kveður hann ævinlega hafa verið miðað við þessi merki og aldrei hafi komið til árekstra út af þeim fyrr en nú. Hann segir, að við þessi merki hafi verið miðað, er faðir hans leigði svonefndan Part til slægna, en það hafi hann gert í mörg ár. Að öðru leyti fjallar greinargerð þessi um viðskipti hans og Sigmundar Jónssonar og viðbrögð stefndu við því, er hann reisti sumarbústaðinn.

Stefndu hafa báðir gefið skýrslu fyrir dóminum. Kristján Jónsson kvaðst hafa keypt jörðina Lón af föður sínum, Jóni Kr. Björnssyni, hinn 29. maí 1970, og hefur ljósrit af afsalinu verið lagt fram. Hann kveður föður sinn hafa sagt sér, að landamerkin væru skrásett. Hann kvað móður sína hafa sagt sér, að landamerkin

væru frá títtnefndum vallargarðsenda og um sunnanverðan Vörðuhól, beint á Nýpuhnjúk. Hann hafi aldrei orðið var við ágreining um merkin. Hann kvaðst hafa rætt um merkin við stefnanda daginn eftir að Sigmundur Jónsson flutti, að því er hann taldi, í land Lóns skúr þann eða sumarbústað, er fyrr getur. Hafi hann spurt stefnanda, hvort hann hefði leyft Sigmundi þetta, og hafi stefnandi þá sagt, að hann vissi, að Sigmundur væri kominn með skúrinn í land Lóns, en jafnframt hefði stefnandi þá sagt, að hann hefði haldið, að Sigmundur hefði beðið stefnda leyfis. Þessi fullyrðing stefnda hefur ekki verið borin undir stefnanda.

Stefndi Klemens Jónsson lýsti því yfir, að hann hefði gerst meðeigandi að Lóni á árinu 1970, en fyrir þann tíma hefði hann ekki verið kunnugur þar og ekki heyrt um landamerki, fyrr en upp var kominn deila vegna skúrs Sigmundar. Hafi hann farið fram að Kálfsá ásamt stefnda Kristjáni og þeim Sumarrós og Ástu, eiginkonum þeirra, og rætt við Sveinbjörn. Hafi þau spurt Sveinbjörn, hvort hann væri viss um, að skúrinn væri í hans landi, og hafi Sveinbjörn þá spurt þau, hvort Sigmundur hefði ekki talað við þau. Hann kvað Sigmund að vísu hafa gert það veturinn áður og hafi þau svarað því til, að þau þyrftu að fara þarna fram eftir og athuga aðstæður, áður en þau gætu sagt neitt um staðsetningu skúrsins. Af því hafi ekki orðið og hafi Sigmundur sett skúrinn þarna án þess að ræða frekar við þau.

Eins og fyrr segir, fór dómurinn ásamt aðiljum og umboðsmönnum þeirra þrisvar sinnum til vettvangsathugunar. Var farið að túngarðsenda þeim, sem ágreiningslaust er talinn viðmiðunarstaður, svo og á Vörðuhól (Toppból). Hóll þessi er fáa metra norðan Merkislækjar, og í hvammi sunnan og ofan við hólinn og utan lækjarins stendur skúr sá eða sumarbústaður, sem varð til efni þessa máls. Hábunga Vörðuhóls virðist aðeins örfáum metrum norðan beinnar línu frá fyrrgreindum garðsenda í hápunkt Nýpuhnjúks. Er því ljóst, að ekki skakkar nema örfáum metrum milli merkjalína þeirra, sem aðiljar krefjast, að viðurkenndar verði.

Samkvæmt gögnum þeim, sem fram hafa verið lögð í máli þessu, virðist Merkislækur upphaflega hafa ráðið merkjum milli Lóns og Kálfsár, svo sem nafn hans bendir til, sbr. einnig jarðabók Jóns Jakobssonar og byggingarbréf Guðlaugs Jónssonar. Ekkert bendir til, að lækurinn hafi breytt farvegi sínum niður fjallið, svo sem sækjandi giskar á í sóknarskjali sínu.

Hinn 27. maí 1895 er svo gert landamerkjabréf um jörðina Lón,

og var það lesið á manntalsþingi 5. júní 1895. Bréf þetta er, sem fyrr segir, undirritað þannig:

„P.t. Vatnsenda 27. maí 1895. Jón Magnússon. Jeg sem eigandi jarðarinnar er samþykkur þessari landamerkjaskrá. Sigurður Pjetursson (handsalað)“. Stefnandi hefur vefengt, að Jón sá, er undirritaði bréfið, hafi verið Jón Magnússon, sem bjó að Kálfá og átti þá jörð frá 1889 til dauðadags, 1897, heldur kunni þarna að vera um að ræða eiganda jarðarinnar Vatnsenda, sem er næsta jörð norðan við Lón.

Dómurinn hefur kannað veðmálabækur Eyjafjarðarsýslu um þetta atriði. Samkvæmt þeim er eigandi Vatnsenda, þegar bréf þetta er gert, Baldvin Jóhannesson. Verður því að teljast fullvíst, að Jón sá, er undirritaði bréfið, hafi verið Jón Magnússon á Kálfsá, enda bendir orðalagið „P.t. Vatnsenda“ til þess, að hann hafi ekki átt heima að Vatnsenda.

Bréfi þessu er þinglýst án athugasemda, og ekki hafa komið fram önnur þinglýst skjöl um merkin. Verður bréf þetta því að teljast gilt landamerkjabréf milli jarðanna Lóns og Kálfsár, og verður ekki talið, að vitnisburðir í málinu um önnur merki fái hnekkt gildi þess. Ber því að fallast á dómkröfur stefndu og dæma merkin samkvæmt bréfinu.

Stefndu hafa haldið því fram, að með orðunum „frá svonefndum Nýpuhnjúk“ sé átt við hápunkt hnjúksins, og fellst dómurinn á, að svo sé.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000.

Dráttur sá, sem orðið hefur á dómsuppsögu í máli þessu, stafar aðallega af miklu annríki formanns dómsins við gerð ársreiknings embættisins, sem hann að þessu sinni varð að vinna einn að. Einnig töldu dómendur þurfa að kanna veðmálabækur Eyjafjarðarsýslu, og fór formaður dómsins tvisvar til Akureyrar í því skyni, í fyrra skiptið um mánaðamótin janúar—febrúar, en sökum erfðra samgangna frestaðist síðari ferðin fram undir marslok.

Dóm þennan kváðu upp Sigurður Guðjónsson bæjarfógeti, formaður, og meðdómendurnir Sigvaldi Þorleifsson útgerðarmaður, Ólafsfirði, og Gunnar L. Jóhannsson bóndi, Hlíð, Ólafsfirði.

Dómsorð:

Landamerki milli jarðanna Lóns og Kálfsár skulu vera bein lína frá hæsta stað Nýpuhnjúks, niður í Fjarðará gagnvart túngarðsenda jarðarinnar Þóroddsstaða.

Stefnandi, Sveinbjörn Árnason, Kálfsá, greiði stefndu, Kristjáni H. Jónssyni, Vesturgötu 10, Ólafsfirði, og Klemens Jónssyni, Ólafsvegi 7, Ólafsfirði, kr. 40.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. nóvember 1976.

Nr. 213/1976. **Flosi Jónsson**

gegn

Rannveigu Höskuldsdóttur.

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir **Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.**

Kærumál. Hjónaskilnaður. Fjárskipti. Úrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Þorvarður K. Þorsteinsson, skiptaráðandi á Ísafirði, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 2. október 1976, sem Hæstarétti barst 4. nóvember, hefur sóknaraðili, Flosi Jónsson, með heimild í 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Ísafjarðar, uppkveðinn 3. september 1976, sem birtur var 23. s. m. Krefst hann þess, „að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og kyrrsetningu á andvirði bifreiðarinnar Í-1182 verði hrundið“. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili, Rannveig Höskuldsdóttir, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Skiptaráðandi kvað upp úrskurð í máli þessu 24. maí 1976. Sá úrskurður var ómerktur með dómi Hæstaréttar 22. júní s. á. og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Af gögnum þess-